

# *Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar*

---



**Árskýrsla 2013**

## Efnisyfirlit

Starfsemi.....	3
Skráningarmál.....	3
Alþjóðlegi skjaladagurinn 9. júní 2013.....	4
Norrænn skjaladagur í nóvember 2013.....	4
Ráðstefna Héraðsskjalasafna í Kópavogi .....	5
Afhendingar .....	6
Skjöl afhent til Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar á árinu 2013 .....	6

© Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar maí 2013  
Umbrot og hönnun: Birna Mjöll Sigurðardóttir

*Öll réttindi áskilin.  
Eftirprentun og ljósritun heimil ef uppruna er getið*

Ljósmynd á forsíðu: Pálmar Vígmundsson, Tómas Lárusson, Valborg Lárusdóttir, Birgir D. Sveinsson og Guðrún Tómasdóttir komu í heimsókn haustið 2013 til að nafngreina ljósmyndir í fórum Héraðsskjalasafnsins.  
Ljósmyndari: Birna Mjöll Sigurðardóttir

ISSN 2547-6629

## Starfsemi

Í upphafi árs 2013 breyttist starf Héraðsskjalavarðar Mosfellsbæjar úr hálfri stöðu í heila stöðu. Þessi breyting á eftir að breyta miklu fyrir safnið í því tilliti að nú er von að hægt verði að koma skráningarmálum safnsins, sem hafa verið í ólestri nánast frá upphafi, í viðunandi stand.

## Skráningarmál



Þegar göng eru afhent til safnsins eru þau skráð inn í svokallaða afhendingarskráningu þar sem afhending frá ákveðið númer sem byggist á árinu sem hún berst á og þar á eftir hlaupandi númeri sbr. fyrsta afhending 2013 fær númerið 2013/01. Í skráningunni kemur einnig fram lauslega frá hvaða tímabili safnið

tilheyrir, gróflegt efnisinnihald, afhendingaraðili, dagsetning afhendingar og athugasemdir ef einhverjar eru.

Frá upphafi Héraðsskjalasafnsins hefur þessari skráningu verið ábótavant. Flestar afhendingar vantar afhendingarnúmer og ekki er vitað um afhendingarár á mögnum þeirra.

Frá því að fyrrverandi héraðsskjalavörður, hætti 2004 þar til núverandi héraðsskjalavörður tók við, var ekkert skráð af gögnum sem bárust safninu. Á þeim tíma var þó tekið við gögnum sem bárust og þeim komið í geymslur án skráningar. Vegna þessa safnaðist upp töluvert magn af óskráðu og ófrágengnu efni sem nauðsynlegt er að skrá svo það verði aðgengilegt. Skráningarforrit skjalanna sem notað er á safninu er FileMaker.

Því miður hefur skráðum og óskráðum gögnum verið komið fyrir á sama stað þannig að töluverð vinna verður að greina óskráð gögn frá skráðum.


Af þessu má ráða að mikilvægt sé að koma skráningarmálum í viðunandi form.

## Alþjóðlegi skjaladagurinn 9. júní 2013

Í tilefni af Alþjóðlega skjaladeginum var safnið með opið hús fyrir gesti og gangandi föstudaginn 7. júní, milli kl. 14 og 16.

Boðið var upp á kaffi og meðlæti.

## Norrænn skjaladagur í nóvember 2013



Á vefnum skjaladagur.is er fjallað um minni einstaklings sem varðveitt er á safninu, sjá: <http://2013.skjaladagur.is/2013/11/05/minni-jonasar-sigfussonar/>

Jónas Sigfússon Bergmann var fæddur árið 1796 á Bæ á Höfðaströnd. Hann lést 12. maí 1844 í Glæsibæjarsókn í Eyjafirði. Kona hans var Valgerður Eiríksdóttir fædd 15. maí 1799 í Ljósavatnssókn í S.-Þing. Hún lést 8. janúar 1853 í Glæsibæjarsókn í Eyjafirði. Þau giftust 5. október 1822 og eignuðust 10 börn (skv. Íslendingabók).

Jónas var bóndi og hreppstjóri í Garðsvík á Svalbarðsströnd, bóndi þar 1835. Varð fjárríkasti maður í hreppnum og þótti bera höfuð yfir samtímabændur á Svalbarðsströnd.

Samkvæmt manntalinu 1845 er Valgerður orðin ekkja eftir mann sinn.

## Ráðstefna Héraðsskjalasafna í Kópavogi



Ráðstefna Félags Héraðsskjalavarða var haldin í Kópavogi dagana 23. - 24. september 2013. Margir og fjölbreyttir fyrirlestrar voru haldnir t.d. um skjalasöfn byggingarfulltrúa, skjalaskráningu, rafræna langtímarvarðveislu, kjaramál og skráningar í Atom.

# Afhendingar

## Skjöl afhent til Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar á árinu 2013

Héraðsskjalavörður annast söfnun, innheimtu og varðveislu skjala, skrásetur þau og gerir aðgengileg notendum og á allan hátt leitast við að varðveita og efla þekkingu á sögu síns umdæmis.

Afhendingar á árunu eru (sjá afhendingarnúmer, innihald afhendingar og hillumetra):

2013 / 01	33 ljósmyndir frá Félagi aldraðra í Mosfellsbæ. Stækkaðar myndir, líklega unnar af Sigurði Hreiðari Heiðarssyni. Einnig er eitthvað af myndum sem sem teknar eru á sama stað árum eða áratugum seinna.	0,01
2013 / 02	Ársskýrsla Hestamannafélagsins Harðar	0,01
2013 / 03	Elding - tímarit knattspyrnudeildar Aftureldingar.	0,01
2013 / 04	Leyfisbréf til að reka radíó stöð í Mosfellshreppi.	0,01
2013 / 05	Gögn skjólstæðinga Svæðisskrifstofu Reykjaness.	1,04
2013 / 06	Minningargreinar um Freyju Norðdahl frá Reykjaborg í Mosfellsbæ.	0,01
2013 / 07	Tvö jólakort frá 2012. Annað frá leikskólanum Hlíð og hitt frá Huldubergi. Búin til af börnunum.	0,01
2013 / 08	Gögn frá Gjafasjóði starfsfólks bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar	0,02
2013 / 09	Skólablaðið Askur árgangar 1965-1967.	0,01
2013 / 10	Gögn frá Leifi Loftsyni	0,01
2013 / 11	Grein um Gunnu stóru úr Lesbók Morgunblaðsins frá 6.júní 1971, afrit af Ísafirðingi frá 1984 um sláttuvísurnar, ljóð eftir Lárus Halldórsson frá Brúarlandi ort í tilefni af vígslu Hlégarðs+ljósmynd af Guðrúnu Tómasdóttur að flytja ljós Lárusar.	0,01
2013 / 12	Minningargreinar um látna Mosfellinga.	0,01
2013 / 13	Gögn frá Heilbrigðisfulltrúanum í Kjósarsýslu frá Þorsteini Narfasyni.	1,0
2013 / 14	Gögn frá Heilbrigðisfulltrúanum í Kjósarsýslu, frá Árna Davíðssyni.	0,32
2013 / 15	Gein úr Vísi frá 28.7.1929 um björgun tveggja barna, (annað barnið móðir Guðrúnar) og ljósmynd af Sigurjóni Péturssyni frá Álafossi og fjölskyldu. Aftan á mynd er ritað: Sæl og blessuð Guðrún mín! Þessi mynd er tekin af okkur eftir að við komum upp úr lauginni fyrir ofan sundskálann. Er ekki Ásbjörn orðinn stór? Vertu blessuð Sig. Pétursson."	0,01
2013 / 16	Sálmaskrá Jörgens Sigurjónssonar	0,01
2013 / 17	Tilkynninga og/eða skilaboðamiðar Hitaveitu Mosfellsbæjar. 3 tegundir.	0,01
2013 / 18	Ritgerð um herasetuna í Mosfellssveit 1940-1944	0,01
2013 / 19	Loftmyndir af sumarhúsasvæði á heiðinni fyrir ofan Miðdal ásamt upplýsingum frá Ágústi Böðvarssyni fyrrv. forstjóra Landmælinga Íslands um umráðamenn og mörk sumarhúsasvæðanna.	0,01

2013 / 20	Tillögur að samkeppni um menningarhús og kirkju í Mosfellsbæ og dómnefndarálit.	0,16
2013 / 21	Gamlar bækur 23 stk.	0,08
2013 / 22	27 ljósmyndir frá bæjarskrifstofum Mosfellssveitar í Hlégarði frá árinu 1983.	0,01
2013 / 23	Handrit af ævisögu Guðmundar Jónssonar skipstjóra og bónda á Reykjum í Mosfellssveit, ritað af honum sjálfum, ódagsett. Ágrip af útgerðarsögu Guðmundar Jónssonar varðandi Reykjaborg, ódagsett. Saga: Söguleg veiðiför á botnvörpungnum Skallagrími eftir Guðmund Jónsson frá Reykjum, dags 1926.	0,08
2013 / 24	Gögn frá Álafosskórnum Masteraupptökur á plötunni „Við syngjum okkar söngva" - 5 spólur og 2 kassettur Nótur, söngskrár, aðgöngumiðar, skráning yfir gögn kórsins o.fl.	0,08
2013 / 25	Frá Sóknarnefnd Lágafellssóknar: Safnaðarbréf. Saga kirkjusöngs og kirkjukóra í Mosfellsprestakalli. Sérrið tekið saman af Sigurði Hreiðari Hreiðarssyni og Birgi D. Sveinssyni í tilefni af 120 ára afmæli Lágafellskirkju. Teikningar af skírnarfonti, ræðupúlti og ljósastjaka fyrir bænaljós (ljósbera) eftir Lárus Þórðarson. Teikning af fyrirhuguðu safnaðarheimili við Lágafellskirkju eftir Einar Tryggvason en ekkert varð af byggingu hússins.	0,02
2013 / 26	Ljósmyndir af starfsfólki bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar, Árshátíðarmiðar 2003 og 2004. Ljósmynd af samstarfsskonum á bæjarskrifstofu og bókasafni 1995. Auglýsing á þrettándagleði 2007. Bréf frá starfsmönnum bæjarskrifstofu varðandi aðbúnað starfsmanna 1995. Dagskrá útskriftarferðar 10. bekkjar 2006. Auglýsing á flutningi bæjarskrifstofu frá Hlégarði að Þverholti 2 frá febr. 1998.	0,05
2013 / 27	Ljósmynd af hreppsnefnd Mosfellsahrepps sem sat árin 1962-1966. 0,01	
2013 / 28	„... og fjöllin urðu kyrr" CD diskur með hátíðardagskrá sem flutt var á 20 ára afmæli Mosfellsbæjar 2007.	0,01
2013 / 29	Skýrsla um náttúrufari í austurlandi Reykjavíkur, en tvær af þeim jörðum voru gamlar mosfellskar jarðir, þ.e. Úlfarsá og Úlfarsfell. Unnið af Náttúrufræðistofunum Íslands 1996.	0,01
2013 / 30	Minnisbækur mælingamanna Mosfellssveitar. Gul bók frá Magnúsi Ólafssyni, byrjar 1971-1988 og tvær rauð/svartar bækur frá Helga Kjartansson óvíst með ártal.	0,01
2013 / 31	Ljósmyndir frá Viggó Valdimarssyni, frá Hvanneyri er hann gekk í skóla þar, frá sýningum Leikfélags Mosfellssveitar og ýmsu öðru.	0,01
2013 / 32	Auglýsingaspjöld, 8 stk. frá Tónlistarfélagi Mosfellssveitar varðandi tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar og aðrir tónleikar.	0,02

# Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar

Þverholt 2 • sími 525-6789 • skjalasafn@mos.is